

Hverfisráð Hríseyjar

114. fundur

Föstudagurinn, 23. febrúar 2018, kl 19:30 var haldinn 114. fundur hverfisráðs í Hlein. Mættir voru: Þorgeir Jónsson, Kristinn Frímann Árnason og Claudia Werdecker.

Dagskrá:

1. Ljósleiðari

Það er ennþá áhugi fyrir að fá ljósleiðarann til Hríseyjar. Kristinn Frímann Árnason ætlar að kanna málið betur.

2. Gámasvæði - sent bréf

Formanni hverfisráðs barst bréf frá Bjarna Ómari Guðmundssyni og Þórdísi Kötlu varðandi skipulagningu gámasvæðis. Hverfisráð tekur undir umsögn Bjarna og Þórdísar að talið sé til bóta að hafa geymslugámana á afmörkuðu svæði fjarri byggð. Leggur hverfisráð til að notaður undir gámana verði hluti af athafnasvæði AT17 (sbr. aðalskipulag Akureyrar 2018-2030, séruppráttur Hrísey og Grímsey).

3. Búnaður fyrir íþróttahús

Tinna Lind Sigurbjörnsdóttir, kennari í heimilisfræðum, og formaður hverfisráðs hittust og skoðuðu búnað í íþróttahúsinu. Þjuggu þau til lista yfir hvað vantar í eldhús íþróttamiðstöðvar og hvaða tækjabúnað vantar í salinn, svo auðveldara sé að leigja út salinn. Listi yfir búnaðinn sem vantar er sendur á forstöðumann íþróttamiðstöðvarinnar.

4. Akstursbraut Kríunesi

Formaður hverfisráðs gagnrýnir hörðum orðum hvernig var boðað til 113. fundar hverfisráðs, og að fundurinn fór fram án formanns (sbr. bréf sem formaður sendi Akureyrarbæ). Tekur hann fram að það eigi alltaf að fara í gegnum formann hvort það eigi að funda. Formaður hefði viljað sitja fundinn og víkja svo. Auk þess nefnir formaður hverfisráðs að hann hafi engra hagsmuna að gæta. Formaður gagnrýnir ákvörðun lögmanns Akureyrarbæjar um að fundurinn hafi verið löglega boðaður.

Formaður vísar í aðalskipulag 2018-2030, þar sem er skipulagt svæði fyrir efnislosun (E4) og frístundabyggð (F10) við Lambhagaveg, staðsetning aksturssvæðis á svæðinu norðan við Saltnes því ekki heppileg. Kristinn Frímann Árnason bendir á að uppbygging frístundabyggðar við Lambhagaveg sé langtímamarkmið, en uppbygging suðaustanmegin á eyjunni hafi sennilega forgang hjá bænum. Formaður hefur ekki heyrt að það sé forgangur á austursvæði.

Formaður nefnir þar að auki að hann heyrir hávaðann af velhjólunum heim til sín. Ritari spyr formann hvort nokkur annar en formaðurinn hafi kvartað undan vélhjólunum á svæðinu. Formaður bendir á að fólk á Akri hefði kvartað.

Formaður nefnir að vélhjólafólkið virði engar reglur, og hann gagnrýnir að þetta hafi ekki komið fram á 113. fundi, og að það eigi að fyrirbyggja hlutina áður en þeir gerast. Formaður lýsir ekki stuðningi við þeirri ákvörðun sem var tekin á 113. fundi. Bendir hann á að það sé braut inná Akureyri, og það eigi að gefa vélhjólafólkinu styrk til að fara þangað.

Hinir aðilar sem eru viðstaddir lýsa yfir stuðningi við þeirri ákvörðun sem var tekin á 113. fundi.

5. Önnur mál.

Lýsing í Hrísey rædd. Málið er í vinnslu skv. formanni hverfisráðs.

Hverfisráð fagnar að Austurvegur sé kominn á áætlun. Formaður bendir á að engu að síður vantar efni í eyjuna.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 20:30.

Þorgeir Jónsson
Kristinn Frímann Árnason
Claudia Werdecker

Fundargerð rituð af Claudiu Werdecker